

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulag:

*Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Ormsstaða, Vaðholt.*

Í deiliskipulaginu felst að á 18 ha svæði er gert ráð fyrir 10 frístundalóðum og er stærð lóða á bilinu 6.300-30.000 m<sup>2</sup>. Hámarksstærð húsa er 200 m<sup>2</sup> og heimilt er að reisa allt að 25 m<sup>2</sup> aukahús. Ekki verður byggt á lóð nr. 20. Samþykkt í sveitarstjórn 4. september 2008.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 21. nóvember 2008.*

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

**Pétur Ingi Haraldsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 25. nóvember 2008